



Ársfundur 2018

Tillögur til breytinga á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs - lagðar fyrir ársfund 12. apríl 2018

Tillaga til breytinga á gr. 3.2.:

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með **rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):**

3.2. Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling- stéttarfélag, ~~Farmanna- og fiskimannasamband Íslands~~, Félag hársnyrtisveina, Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði, **Félag skipstjórnarmanna**, Sjómannafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, **Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur**, VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðsfélag Vestfirðinga, en Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda.

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 3.2.:

Á þingi Farmanna-og fiskimannasambands Íslands í nóvember 2017 var samþykkt samhljóða af öllum aðildarfélögum sambandsins að FFSÍ yrði lagt niður og að Félag skipstjórnarmanna tæki við hlutverki þess. Í ljósi þessa er gerð tillaga um Félag skipstjórnarmanna sem aðildarfélag sjóðsins í stað Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Í lok árs 2017 samþykkti Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur úrsögn úr Sjómannasambandi Íslands. Félagið hefur í kjölfarið óskað eftir aðild að Gildi-lífeyrissjóði og er því gerð tillaga um aðild þess að sjóðnum.

Tillaga til breytinga á 5. tölulið gr. 5.5.:

5. töluliður orðist þannig (nýtt er auðkennt með **rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):**

Kosning stjórnar og varamanna. Fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og **einn** ~~tvo~~ **varamann** ~~varamenn~~ í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um kjör stjórnar Samtaka atvinnulífsins á tveimur aðalmönnum og einum varamanni í stjórn. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.

Greinargerð með tillögu um breytingu á 5. tölulið gr. 5.5.:

Á ársfundi Gildis 2017 var grein 4.1. í samþykktum sjóðsins breytt á þann veg að varamönnum kosnum af fulltrúum launþega var fækkað út fjórum í tvo. Af því leiðir að á ársfundi skal hverju sinni kjósa einn varamann og því er þessi breyting lögð til á grein 5.5.

Tillaga til breytinga á gr. 11.1. og 11.2. (frestun lífeyris til 80 ára aldurs):

Greinin orðist þannig (nýtt er auðkennt með **rauðu, yfirstrikað fellur út):**

11.1. Sjóðfélagi á aldrinum 60 til ~~80~~ 70 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.

11.2. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins. **Þannig getur sjóðfélagi frestað töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun mánaðarlegra ellilífeyrisgreiðslna.**

Tillaga til breytinga á gr. 11.6. (hálfur ellilífeyrir):

Lagt er til að gr. 11.6 verði breytt í heild sinni með þeim hætti að núgildandi texti verði felldur út (yfirstrikað) og ákvæðið verði svohljóðandi í heild eftir breytingar (**rauður texti**):

~~11.6. Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna sbr. gr. 11.4. Sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris að hluta eða fullu getur frestað töku lífeyris og fer þá um áhrif frestunar á lífeyrisrétt hans eftir reiknireglu í töflu IV í viðauka A, sbr. gr. 11.3. og 11.5. Þannig að réttur til mánaðarlegs lífeyris aukist sem nemur áhrifum frestunar á verðmæti réttinda hans. Frestun endurvekur ekki rétt til framreiknings örorkulífeyris sem ráðstafað hefur verið skv. gr. 11.4. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt um töku ellilífeyris í minnst 12 mánuði í senn.~~

11.6. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku hálfes ellilífeyris hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna endanlega, sbr. grein 11.4. Grein 11.3 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Grein 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.

Sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki gr. 11.2 og 11.3. Slík ráðstöfun endurvekur ekki rétt til örorkulífeyris sem ráðstafað hefur verið skv. gr. 11.4.

Greinargerð með tillögu um breytingu á greinum 11.1., 11.2 og 11.6.:

Tildrög þessara breytinga eru einkum sú breyting sem samþykkt var með lögum nr. 116/2016 til breytinga á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar (hér eftir lög um almannatryggingar). Breytingar varðandi hálfan ellilífeyri almannatrygginga tóku gildi 1. janúar 2018.

Í 1. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar er mælt fyrir um að almennur ellilífeyrisaldur sé 67 ár. Í 2. mgr. ákvæðisins er veitt heimild til að fresta töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun mánaðarlegra greiðslna. Þá er skv. 3. mgr. heimilt að flýta töku ellilífeyris og hefja hann frá 65 ára aldri gegn varanlegri lækkun á mánaðarlegum ellilífeyri.

í 5. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar er mælt fyrir um ákveðin skilyrði fyrir því að hefja töku ellilífeyris frá 65 ára aldri og eða að taka hálfan lífeyri, þ.e. að:

a) samþykkt hafi verið umsókn um áunnin réttindi hjá öllum skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum,

b) samanlagður áunninn réttur til ellilífeyris frá lífeyrissjóðum og frá almannatryggingum, að teknu tilliti til hinnar varanlegu lækkunar ef taka ellilífeyris hefst fyrir almennan ellilífeyrisaldur, verði að lágmarki jafnhár fullum ellilífeyri skv. 1. mgr. 23. gr. laga um almannatryggingar.

Breyting á gr. 11.1 og 11.2

Lagt er til að sjóðfélögum verði gert kleift að fresta ellilífeyrisgreiðslum til allt að 80 ára aldurs í stað 70 ára nú gegn varanlegri hækkun á réttindum. Er þetta lagt til í því skyni að auka möguleika til sveigjanlegri töku ellilífeyris og til að koma til móts við framangreindar breytingar á lögum um almannatryggingar. Töflu [x] er breytt til samræmis við það samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðings lífeyrissjóðsins. Markmið breytinga er að frestun ellilífeyris hafi ekki áhrif á tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.

Breyting á gr. 11.6

Lagt er til að ákvæði samþykkt sjóðsins um hálfan lífeyri verði breytt á þann veg að sjóðfélaga verði heimilt að fara á hálfan lífeyri hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst sjóðfélagi þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna endanlega, sbr. grein 11.4. Grein 11.3 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur (flýting) og grein 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð (frestun).

Í ljósi grundvallarsjónarmiða að baki ævilöngum lífeyri, fyrirhugaðrar framkvæmdar hjá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og í ljósi þess að heimilt verður að fresta töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs er lagt til að almennt verði ekki heimilt að endurskoða ákvörðun um töku lífeyris. Þó er gert ráð fyrir því að sjóðfélagar sem hafið hafa fulla töku ellilífeyris við gildistöku ákvæðisins geti ákveðið að fara á hálfan lífeyri fram til 1. janúar 2020. Þetta er í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð verður hjá almannatryggingum og hjá öðrum lífeyrissjóðum. Þar sem um bráðabirgðaákvæði er að ræða er lagt til að fela tryggingastærðfræðingi mat á þeim áhrifum hverju sinni í stað þess að bæta við sérstakri töflu í viðauka við samþykktir sjóðsins.

Samhliða þessum breytingum þarf að uppfæra töflur frá tryggingafræðingi sjóðsins og tilvísun í þær til samræmis.

Gildistaka.

Breytingar þessar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytis liggur fyrir.